

8. mars 2016

## Upplýsingar og aðstoð við rannsóknir og/eða verkefnavinnu

Ef leitað er eftir upplýsingum eða aðstoð á vegum Íslenskrar ættleiðingar til að nýta í rannsóknir og/eða verkefnavinnu þá skal viðkomandi óska eftir slíku skriflega. Bréfið skal vera stílað á Lárus H. Blöndal.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram:

- Nafn og kennitala höfunda verkefnisins auk símanúmers og netfangs.
- Nafn og staður skólstofnunar og undirdeildar hennar, rannsóknarstofnunar og/eða vinnustaðar.
- Tilgangur og markmið með rannsókninni og/eða verkefnavinnunni.
- Áætlaður verktími verkefnisins þ.e. upphaf og verklok.
- Nafn leiðbeinenda og/eða ábyrgðarmanna og samþykki þeirra að leita til Íslenskrar ættleiðingar.
- Leyfisveitingar: t.d. er rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar eða önnur leyfi fengin. Fram skal koma ef leyfi hafi verið fengin hjá Persónuvernd, Vísindaráði eða öðrum. Senda skal afrit af leyfisveitingum, eða sambærilegri staðfestingu þeirra.
- Stutt lýsing á úrvinnslu gagna og hvernig þær upplýsingarnar sem (félagið) Íslensk ættleiðing gefur eða aðstoðar við að gera aðgengilegar verða nýttar og framsettar.
- Útgáfa og/eða aðgengi að því riti/vefsíðu þar sem upplýsingarnar/gögnin koma fram, og skal Íslensk ættleiðing fá leyfi til að birta viðkomandi verkefni eða grein á heimasíðu sinni.
- Ef um persónulegar tengingar höfundar/starfsmanna verkefnisins við viðfangsefnið er að ræða, ber að tilkynna Íslenskri ættleiðingu það.

Þegar farið hefur verið yfir umsókn um leyfi til að nýta upplýsingar eða aðstoð á vegum Íslenskrar ættleiðingar í rannsóknarskyni eða í verkefnavinnu, þá fær viðkomandi skriflegt svar um hvort leyfið sé veitt og hvernig samstarfi verður háttað.

Samþykkt af stjórn Íslenskrar ættleiðingar 18.05.2016.